



Alþingi
Erindi nr. P 140/65
komudagur 9.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. nóvember 2011
Tilvísun:201110-0011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði, þskj. 12 - 12. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði þskj. 12 – 12. mál.

Alþýðusambandið fagnar framlagningu þessarar þingsályktunar og telur það vera tímabært að gerð verði heildstæð úttekt á réttarstöðu neytenda á fjármálamarkaði og skilgreint hvernig neytendavernd verði best fyrir komið.

Frá hruni þriggja stærstu bankanna haustið 2008 hafa komið í ljós ýmsir ágallar á neytendavernd á fjármálamarkaði sem endurspeglast í fjölda dómsmála í kjölfar bankahrunsins. Þrátt fyrir að nokkrar bætur hafi verið gerðar á löggjöf sem lúta að neytendavernd á fjármálamarkaði á umliðnum árum hafa þær að mestu beinst að því að bregðast við vandamálum sem komið hafa upp í kjölfar falls bankanna. Það er því rétt að staldra við og skoða núverandi lagaumhverfi með það í huga að styrkja stöðu neytenda.

Í greinargerðinni sem fylgir með þingsályktunartillögunni er lagt til að forsætisráðherra skipi formann nefndarinnar, en efnahags- og viðskiptaráðherra, innanríkisráðherra og velferðaráðherra skipi hver sinn fulltrúar í nefndina. Auk þess tilnefni Neytendasamtökin og samtök fjármálafrýrtækja fulltrúa í nefndina. Í greinargerðinni er ekki gert ráð fyrir að ASÍ eigi fulltrúa í nefndinni, en í stað þess er lagt til að nefndin eigi gott samstarf við hagsmunasamtök á borð við ASÍ, BSRB, BHM og Hagsmunasamtök heimilanna.

Alþýðusambandið hefur um árabíl látið neytendamál og neytendavernd til sín taka og gott dæmi um það er ötult starf á sviði verðlagseftirlits. Auk þessa er Alþýðusambandið fjölmennustu heildarsamtök launafólks á landinu. Alþýðusambandið leggur því til að sambandinu verði gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í nefndina. Að öðru leiti tekur ASÍ undir þingsályktunartillögunar og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Ingunn S. Þorsteinsdóttir
Hagfræðingur hjá ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Stættúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is